

ákæru sóknarans í þessu máli. Allur málskostnaður, þar með talin varnarlaun til talsmanns ákærða fyrir undirdómi, Ólafs prests Sæmundssonar, 5 kr., og málflytningslaun sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra, á eptir atvikum að greiðast af almannafje. Rekstur málsins í hjerði hefur verið víta- laus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Stefán Ólafsson á af ákæru sóknar- ans í þessu máli sýkn að vera. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar með talin málsvarn- arlaun til talsmanns ákærða í hjerði, Ólafs prests Sæmundssonar, og málflytningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málflytningmannanna Hannesar Hafstein og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Nr. 10/1891: Jón Jónsson  
 gegn  
 Guttormi Vigfússyni.

#### D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, fyrverandi skólastjóri á búnaðarskólanum á Eyðum, Guttormur Vigfússon, gegn áfrýjandanum, Jóni bónda Jónssyni á Sleðbrjót, út af meiðandi ummælum um stjórn hans á skólabúinu á Eyðum í blaðagreinum, er áfrýjandi ritaði í blaðið »Austra«, 4. árg., 3., 8. og 16. tölublað. Málið var dæmt í gestarjetti Norður-Múlasýslu 8. sept. f. á. á þá

leið, að áfrýjandinn var dæmdur í 100 króna sekt til landssjóðs eða til vara í einfalt fangelsi í 30 daga, og skyldu hin átöldu ummæli hans um Eyðaskólann og stefnda dauð og ómerk vera, en málskostnaður var látinn falla niður.

Hjer fyrir rjettinum hefur áfrýjandinn krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda í málinu og ómerking ummælanna úr gildi felld, og að stefndi verði skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum með að minnsta kosti 450 kr. eða einhverju nægilegu að mati dómsins. Stefndi hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað með einhverri nægilegri upphæð.

Það sem hinn stefndi hefur sjerstaklega álitid meidandi fyrir sig í fyrgreindum »Austra«-greinum, er, að þar er sagt, að »slarkarabúskapur« hafi verið á Eyðum, þegar stefndi stýrði þar skólabúinu, og að honum hafi tekizt »ógæfusamlega« að fara með almannafje það, er varið hefði verið til skólans. En svo sem til sönnunar eða stuðnings þessum dómi um skólastjórn stefnda eða bústjórn, er það í greininum talið almæli um Eyðaskólann, að stundum hafi ekki verið hægt að lóga þar slátursfje, fyr en komið var fram á vetur og fjed farið að horast, af því ekki hafi verið til mjöl í blóðið, að ekki hafi verið til á Eyðum tíma úr vetri annað af kornmat en það, sem fengið hafi verið til láns á bæjunum í kring, að ekki hafi stundum verið til ein skán í eldinn á Eyðum nær allan veturinn nema aðfengin, þó þar sje nóg mótak í landinu og bændur þar skammt.

frá hafi getað selt þangað sprekkpurran svörð, að talsverður fjárfellir hafi orðið þar vorið 1887.

Áfrýjandinn hefur, hvernig sem á hin átöldu ummæli væri litið, haldið því fram, að sök út af þeim sje fyrnd, samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna, þar sem stefndi hafi hætt við málið fyrir undirrjettinum 17. nóv. 1888 og ekki tekið það upp aptur fyrir en 17 mánuðum síðar, 22. apríl f. á. En hjer við er að athuga, að það er ekki rjett, að stefndi hafi hætt við málið nefndan dag, 17. nóv. 1888, heldur fjekk hann þá óákveðinn frest í málinu með samþykki mótpartsins, og þó að sá frestur yrði talsvert langur, þá verður ekki á því byggt, að stefndi hafi hætt við málið. Um fyrningu málsins getur því eigi verið að ræða.

Hvað sjálft sakarefnið áhrærir, þá verður að álíta, að áfrýjandinn hafi, með því að nefna bústjórn stefnda á Eyðum »slarkarabúskap«, brugðið stefnda um að hafa sýnt vítavert fyrirhyggjuleysi, vanrækslu og trassaskap sem forstöðumaður fyrir opinberri stofnun, og orð þetta verður því að álítast óvirðandi og móðgandi fyrir hann, og með því að áfrýjandanum hefur hvorki með tilraunum sínum til að sanna framantalin atriði, er hann hefur viljað styðja með dóm sinn um slarkarabúskap á Eyðum, nje á annan hátt, tekizt að rjettlæta þetta meidandi ummæli sitt, þá ber að sekta hann fyrir það samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, og virðist ekki ástæða til að færa niður sektarupphæð þá, er undirdómarinn hefur ákveðið. Það ber og að staðfesta ákvæði undirdómsins um ómerking meidyrða og um málskostnaðinn. Í málskostnað fyrir yfirdómi virðist rjett að áfrýjandinn greiði stefnda 30 kr.

Umboðsmaður áfrýjandans, cand. philos. Ásmundur

Sveinsson, hefur í sóknarskjali sínu hjer fyrir rjettinum, dags. 20. júlí þ. á., farið þessum orðum um eitt atriði í dómsástæðum undirdómarans: »En sú vísdómslega röksemdaleiðsla! Svona vatnspunnt vandræðagutl hefur víst aldrei verið boðið nokkrum skynberandi manni«. Þessi ritháttur álízt ósæmilegur og ber að sekta hlutaðeigandi málsfærslumann fyrir hann um 20 kr., er renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Jón Jónsson, stefnda, Guttormi Vigfússyni, 30 kr. Cand. philos. Ásmundur Sveinsson greiði í sekt fyrir ósæmilegan rithátt 10 krónur til landssjóðs og 10 krónur til fátækra sjóðs Reykjavíkur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvembermánaðar.

Nr. 12/1891:

Pjetur Guðmundsson

gegn

Þórði Guðjohnsen fyrir hönd Örum & Wulffs verzlunar á Húsavík.

D ó m u r :

Hinn stefndi Þórður Guðjohnsen, sem er forstjóri eða »faktor« fyrir verzlun Örum & Wulffs á Húsavík, höfðaði mál þetta fyrir gestarjetti Þingeyjarsýslu gegn